

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Eskifjarðarhrepps á lóðum og fasteignum á Eskifirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauplúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur á lóðum og mannvirkjum sjávarmegin Strandgötu og Norðfjarðarvegar, svo og þeim öðrum lóðum og mannvirkjum innan hreppsins, þar sem fara þarf um með vegalagningu og aðrar opinberar mannvirkjagerðir, samkvæmt skipulagsupprætti.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. október 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum innanlands, til ársloka 1975:

1. Reykjavík—Patreksfjörður—Reykjavík.
2. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík.
3. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík.
4. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík.
5. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík.
6. Reykjavík—Raufarhöfn—Reykjavík.
7. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík.
8. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík.
9. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík.
10. Reykjavík—Fagurhólsmýri—Reykjavík.
11. Reykjavík—Vestmannaeyjar—Reykjavík.
12. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs reglubundinna áætlunarferða, með farþega, póst og vörur, á eftirgreindum flugleiðum, án sérleyfis:

1. Patreksfjörður—Ísafjörður—Patreksfjörður.
2. Ísafjörður—Akureyri—Ísafjörður.
3. Ísafjörður—Egilsstaðir—Ísafjörður.